

Mál nr. 138/2014
M og
V v. innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.

Veski stolið á vinnustað. Brot á varúðarreglu þ. 29.8.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.5.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 2. júní 2014

Málsatvik.

Bakpoka M var stolið á vinnustað á stól inn af verslun sem er fremst í húsnæðinu. Í bakpokanum var kortaveski með bankakortum, ökuskríteini og ýmsum persónulegum munum. M tilkynnti um þjófnaðinn til lögreglu daginn eftir. M segir að bakpokinn hafi verið á svæði sem eingöngu sé ætlað starfsfólki og hún hafi ekki yfirgefið svæðið og það hafi hreinlega verið læðst aftan að sér þar sem hún var að svara í síma og vinna í tölvu. M krefst bóta úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi geymt bakpokann eftirlitslausan á stað þar sem almenningur komst að óheft og án hindrana. V vísar til greinar 5.2 og 5.3 í II kafla váttryggingaskilmála í þessu sambandi og telur að M hafi brotið gegn varúðarreglu með því að skilja bakpokann eftir eftirlitslausan á þeim stað sem hún gerði.

Álit.

M skildi bakpoka sinn eftir á vinnustað inn af verslun þar sem annað starfsfólk og jafnvel viðskiptavinir hafa aðgang að. M gerði engar ráðstafanir til að ganga frá bakpokanum tryggilega og braut með því gegn varúðarreglu greinar 5.2. í II. kafla váttryggingaskilmála sem um tryggingu hennar gilda. Hins vegar ber að líta til þess að M yfirgaf ekki svæðið þar sem bakpokinn var og þrátt fyrir að varúðarregla hafi verið brotin þykir M eiga rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V, en ber helming tjónsins sjálf vegna brots á varúðarreglu þeirri sem að ofan greinir.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V, en ber helming tjónsins.

Reykjavík 1.7.2014

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.